

mennri trú, og komst í samband við ríkið; þá kom rómversk lagaleg hugmynd um rjettlæti í hennar stað.

Það er auðskilið hvers vegna rjettlætishugmynd Gyðinga tók þessum breytingum hjá hinum fyrstu kristnu mönnum. Hún var ósamrýmanleg við aðrar skoðanir þeirra og hlaut þess vegna að breytast. Jesús kendi auðmýkt og hógværð. "Sælir eru hógværir, því þeir munu jarðríkið erfa". "Hver sem vill vera fremstur meðal yðar, hann sje þjónn yðar". Hann sagði að dramb og sjálfsþótti Farfseanna gjörði þá óhæfa fyrir guðsríki. Það er fullkomlega í samræmi við þessa hugmynd að veita ranglætinu enga móttstöðu.

Kærleikurinn til allra manna verður ávalt að skoðast sem hið stærsta og mesta siðferðisboðorð Jesú. "Elskið óvini yðar, blesstið þá sem yður bólva og gjörið gott þeim sem hata yður". Þetta var alveg ný og ópekt hugmynd hjá Gyðingum. Þeim hafði verið boðið, að sýna hver öðrum velvilja og hjálpa bágstöddum og undírokuðum, og jafnvel að lata sjer ant um útlendinginn, þegar hann var upp á þeirra náðir kominn. En að elска þá sem hötuðu þá og sýndu þeim ójöfnuð, að binda um sár hvers manns, sem þeir fundu illa út leikinn á fornunum vegi; f stuttu mál: að bera velvilja till allra og hjálpa öllum, sem þurftu hjálpar með, án þess að spyrja að hverjir þeir væru, það var ný kenning, nýtt siðalögsmál.

Það er ótrúlegt að Jesús hafi haldið, að slískur náungans kærleiki yrði í raun og veru innrættur mönnum yfirleitt. En vjer verðum að gæta þess, að hann bjóst við stórkostlegri breytingu. Hann trúði því að það mannfjelag, sem þá var, mundi líða undir lok innan skamms tíma og í þess stað mundl verða sett á stofn GUÐSRÍKI, þar sem allir menn væru svona kærleiksfullir, og hatur og ójöfnuður þektust ekki. Það er engin þörf á, í þessu sambandi, að gjöra sjer grein fyrir, með hvaða hætti hann hugsaði sjer að guðsríkið yrði stofnsett, eða hvort það átti að verða í þessum heimi eða öðrum. En það er augsýnilegt, að hann hafði það í huga, þegar hann var að keana mönnum, hvernig þeir ættu að lífa. Menn áttu að vera kærleiksfullir, auðmjúkir og rjettlátir til þess að verða hæfir fyr-